

Fimmtudaginn 2. desember 1971.

Nr. 193/1970. **Veidifélagið Bláskógar s/f og**

Björn Davíðsson

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Oddvita Andakílshrepps f. h. hreppsins og

oddvita Lundarreykjadalshrepps f. h.

hreppsins og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landamerki. Vatns-, botns- og veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og að dæmt verði, að Reyðarvatn allt sé innan landamerkja Þverfells. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 8 s. m. Krefjast gagnáfrýjendur þess, að þeim sem eigendum að norður- og austurströnd Reyðarvatns í Lundarreykjadal verði dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í vatninu þannig: „Andakílshreppi frá Grímsármynni að Fossá og Lundarreykjadalshreppi frá Fossá að Reyðarlæk, í báðum föllum 115 metra frá lægsta fjöruborði út í vatnið“ og svo vatns- og veiðiréttur „í almenningi vatnsins að hálfu á móti eigendum Þverfells í Lundarreykjadal“. Til vara krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gagnáfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, hafa fengið gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 8. febrúar 1971.

Með skírskotun til forsendna dóms Hæstaréttar 20. október 1967, sem raktar eru í héraðsdómi, verður að telja, að eigendur Þverfells eigi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir landi jarðarinnar 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, shr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

Á sama hátt verður að telja, að gagnáfrýjandi Andakílshreppur eigi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, shr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Af gögnum málsins, sem rakin eru í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 20. október 1967, verður ekki ráðið, hvort lönd Lundarreykjadalshrepps, sem liggja að Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, eru fullkomin eignarlönd hreppsins eða einungis afréttareign, og er málið eigi fullreifað að þessu leyti. Að svo vöxnu máli verður eigi lagður dómur á kröfu Lundarreykjadalshrepps um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni. Samkvæmt þessu ber að telja, að Lundarreykjadalshreppur eigi veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, shr. 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, shr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Aðiljar hafa geymt sér rétt til að krefjast síðar botnsréttar í vatninu umfram það, sem hér er dæmt.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði málskostnað í máli þessu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda, kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Veiðifélagið Bláskógar s/f, eigandi Þverfells í Lundarreykjadalshreppi, á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, fyrir landi jarðarinnar frá Grímsárósi og að mynni Reyðarlækjar og svo veiði í almeningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Gagnáfrýjandi oddviti Andakílshrepps f. h. hreppsins á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Gagnáfrýjandi oddviti Lundarreykjadalshrepps f. h. hreppsins á veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar svo og veiði í almenningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Aðaláfrýjendur, Veiðifélagið Bláskógar s/f og Björn Davíðsson, greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

6. júlí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. júlí 1970, var þingfest í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 20. apríl 1968 með framlagningu bréfs Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 19. apríl 1968,

til dómars, þar sem hann tilkynnir fyrir hönd hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur sé um landamerki við Reyðarvatn og eignarrétt að vatninu að norðan og austan svo og um botns-, vatns- og veiðiréttindi í vatni þessu, og æskir þess, að eigendur og ábúandi jarðarinnar Þverfells í Lundarreykjadalshreppi verði ásamt hreppsnefndum Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps kvaddir fyrir, þannig að til máls verði stofnað samkvæmt lögum nr. 41/1919.

Við þingfestingu málsins samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 var mætt fyrir framangreinda sóknaraðilja, hreppsnefndir Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, en sem varnaraðiljar létu mæta í málinu Veiðifélagið Bláskógar s/f, eigandi Þverfells, og Björn Davíðsson, ábúandi sömu jarðar. Kröfur aðilja voru settar fram í fyrsta þinghaldi og síðar, en þær voru við dómtöku málsins svohljóðandi:

1. Kröfur sóknaraðilja:

Að sóknaraðiljum sem eigendum að norður- og austurströnd Reyðarvatns í Lundarreykjadal innan neðangreindra landamerkja verði dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í vatninu þannig: Andakílshreppi frá Grímsármynni að Fossá og Lundarreykjadalshreppi frá Fossá að Reyðarlæk, í báðum föllum 115 metra frá lægsta fjöruborði út í vatnið og í almenningi vatnsins að réttri tiltölu móti eigendum Þverfells í Lundarreykjadal. Þá krefst lögmaður sóknaraðilja þess, að stefndu verði dæmdir in solidum, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, til að greiða umþjóðendum hans málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til sóknaraðilja sem málsvara stefnanda, að mati réttarins.

2. Kröfur varnaraðilja:

Að þeir verði dæmdir sýknir af öllum kröfum sóknaraðilja og dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi að mati réttarins. Jafnframt gera þeir þá kröfu, að eiganda jarðarinnar Þverfells verði dæmdur eignarréttur í Reyðarvatni, þar með talinn botns-, vatns- og veiðiréttur, í samræmi við landamerkjabréf Þverfells frá 10. september 1886. Áreið fór fram 13. september 1969.

Forsaga máls þessa er sú, að með bréfi, dags. 8. apríl 1963, tilkynnti Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. oddvita Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur væri milli nefndra hreppa annars vegar og eiganda Þverfells í Lundarreykjadal hins vegar, Guðmundar Agnars Ásgeirssonar, um landamerki Þverfells og veiðirétt í Reyðarvatni. Er

málið var tekið fyrir á dómþingi hinn 20. júlí 1964, var einnig ábúanda Þverfells, Birni Davíðssyni, stefnt sem hagsmunaaðilja inn í málið.

Kröfur sóknaraðilja, eins og þær voru settar fram í þinghaldi 14. marz 1966, eru þær, að merki landa þeirra að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk, norður um að Fossá og að því er varðar Andakílhrepp, frá Fossá að Grímsármynni eftir miðju vatnsins og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talin eign sóknaraðilja í samræmi við framangreind landamerki. Enn fremur krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað eftir reikningi eða að mati dómsins.

Dómur var kveðinn upp í málinu í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 2. apríl 1966. Dómsorðið var svohljóðandi: „Merki lands stefnanda Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni eru frá Reyðarlæk norður um að Fossá.

Merki lands stefnanda Andakílhrepps að Reyðarvatni eru frá Fossá norður og vestur um að Grímsármynni.

Sóknaraðiljar eiga vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni hvor fyrir sínu landi samkvæmt gildandi landslögum.

Stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum“.

Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar, og með dómi þess réttar frá 20. október 1967 var héraðsdómur og málsmeðferð frá og með dómþingi 12. júlí 1963 ómerkt og málinu vísað heim í hérað. Á meðan hið fyrra mál var fyrir dómstólum, urðu eigendaskipti á jörðinni Þverfelli. Varnaraðili Veiðifélagið Bláskógar s/f eignaðist jörðina með afsali frá fyrrverandi eiganda og varnaraðilja í fyrra málinu, Guðmundi Agnari Ásgeirssyni.

Málavextir.

Í III. kafla framangreinds hæstaréttardóms er fjallað um heimildir þær, sem aðiljar fyrra málsins töldu sig hafa til lands og réttinda við Reyðarvatn austan- og norðanvert. Þykir því rétt að taka þennan kafla hæstaréttardómsins óbreyttan upp í dóm þennan, svohljóðandi:

„Í landamerkjaskrá Þverfells frá 10. september 1886, sem þing-

lesin var 2. júní 1887, segir svo í staðfestu endurriti, þar sem texti skrárinnar hefur verið færður til nútímastafsetningar: „Fyrst úr Kaldagili, þar sem fellur í Tunguá, í stein þann, sem stendur á Langamel, merktur með +, sem högginn er í steininn, síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði, merktan með sama +. Úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálsinn og yfir vestur-enda á syðri tjörninni og í stein þar norður á hryggnum, sem er með höggnum +, svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá, þar sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +. Svo ræður Grímsá fram til Reyðarvatnsóss. Svo eru merkin með austurströnd Reyðarvatns suður að Reyðarlæk. Svo ræður hann merkjum til Grunnavatns. Svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn í Kvígingindisfelli. Þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tunguá kemur úr. Síðan ræður Tunguá merkjum ofan fjallið, þar til Kaldagil rennur í hana“.

Landamerkjaskrá þessa undirrituðu þeir Björn Sveinbjarnarson, páverandi ábúandi Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, en lönd Þverfells og Vörðufells liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum, en lönd Þverfells og Reykja liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn. Réthafar að landi norðan og austan megin Reyðarvatns undirrituðu ekki landamerkjaskrána. Samkvæmt landamerkjaskrá þessari telja eigendur Þverfells sig eiga botns-, vatns- og veiðirétt í öllu Reyðarvatni.

Stefndu hér fyrir dómi, sem lönd eiga að Reyðarvatni að norðan og austan, vefengja þennan rétt.

Ákvæði Jónsbókar, landsleigubálkur, 56. kapituli, „um veiðivötn ok veitur ok veiðiár“, voru gildandi lög um þetta efni, þegar landamerkjaskrá Þverfells var gerð. Þar segir: „Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefur verit, nema með lögum sé frá komit“. Þá segir í 59. kapitula landsleigubálks Jónsbókar um almenninga: „Fiskivötn öll í almenn-ingum eru öllum jafnheimil“. Um þessi efni gilda nú ákvæði 4. gr. laga nr. 15/1923 og 4. til 8. gr. laga nr. 53/1957.

Ábúandi Þverfells mátti eigi með einhliða gerð og þinglestri landamerkjaskrárinnar frá 10. september 1886 auka rétt Þverfells til Reyðarvatns umfram það, sem áður hafði verið. Áfrýjendur hafa eigi fært fram gögn fyrir því, að eigandi Þverfells hafi á

þeim tíma, er landamerkjaskráin var gerð, átt frekari botns-, vatns- eða veiðirétt í Reyðarvatni en hin almennu ákvæði Jónsbókar sögðu til um.

Stefndu, málshöfðendur í héraði, gera kröfu til þess, að dæmdur verði gildur botns-, vatns- og veiðiréttur þeirra í Reyðarvatni frá Grímsármynni norður og austur um vatnið til þess staðar, þar sem Reyðarlækur fellur í það.

Stefndu skipta landi því, sem um er að tefla í málinu, í þrjá hluta:

1. Frá Grímsárósi að Fossármynni, sem þeir telja eign Andakílshrepps.
2. Frá Fossármynni að Drang eða Drangshlíð.
3. Frá Drang eða Drangshlíð að mynni Reyðarlækjar.

Hina tvo síðastgreindu hluta telja stefndu eign Lundarreykjadalshrepps.

Verða nú heimildir stefndu til lendna þessara kannaðar.

Um 1. Svonefnd Gullberastaðatunga, er stefndu telja liggja milli Fossár og Lambár, var hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi. Var hún seld Andakílshreppi árið 1898.

Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 17. júní 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jónssyni f. h. Lundarreykjadalshrepps, er landamerkjum við Reyðarvatn lýst þannig: „Að sunnan ræður Grímsá merkjum allt austur, þar til hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn þangað, sem Fossá rennur í það“. Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 2. júlí 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jakobssyni f. h. Andakílshrepps og Áskatli Hjálmarssyni f. h. Þverfells, er þessum sömu merkjum lýst þannig: „Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá“. Deila reis milli Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps um austurlandamerki Gullberastaðatungu, en á það mál var sætt með samningi 17. júní 1933.

Um 2. Í lögfestu séra Þorsteins Helgasonar frá 18. maí 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju segir m. a.: „Þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa“. Í vísitazíuskýrslu Péturs biskups Péturssonar 21. júlí 1869 segir, að Reykholtskirkja „á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa...“. Þá segir í lögfestu séra Þórðar Þórðarsonar Jónassonar fyrir staðnum í Reykholti, dagsettri 29. maí 1876: „Þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“. Að fengnu leyfi bærara yfirvalda seldi Guðmundur

prófastur Helgason f. h. Reykholtskirkju 9. september 1885 Lundarreykjadalshreppi afrettarlönd Reykholtskirkju á suðurfjalli, þar á meðal „land við Reyðarvatn“.

Um 3. Í lögfestu Markúsar prests Snæbjarnarsonar frá 16. maí 1740 um landamerki Þingvalla segir m. a.: „... Skjaldbreið hvöria eg lögfesti alla itra: Þaðan beint í Leirárhöfða og svo epter allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði, þaðann beint epter til Steinkyrkiu eða Steinkistu (af sumum kallaðri)“.

Í lýsingu Stefáns Pálssonar frá Oddgeirshólum á landamerkjum Þingvalla frá 10. janúar 1832 segir m. a.: „... Þaðan í gegnum Súlur og í Hrosshæðir úr þeim eftir Uxahrygg og í Leyrárhöfða úr hönum í skurði, sunnan til við Kaldadal. Þadan í Eyriks-Nýpu í Baldjökli“.

Þá segir meðal annars í sóknarlýsingu Þingvallasveitar, undirritaðri af séra Birni Pálssyni 5. febrúar 1840, um vötn í Þingvallasókn: „Stöðuvötn eru Lítil vík af Reyðarvatni, kölluð Selvík, Oxavatn kippkorn fyrir vestan Sæluhús“.

Í landamerkjaskrá Þingvalla, sem undirrituð er 1. september 1886 af séra Jens Pálssyni f. h. Þingvalla, Davíð Snæbjarnarsyni f. h. eiganda Vörðufells og Birni Sveinbjarnarsyni f. h. eiganda Þverfells, segir svo m. a.: „... í austur rætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallskirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu í Leirárhöfða og þar til vötnum hallar að Borgarfyrði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðasta lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark.“

Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þaðan í mjóu Súlu (eða háu Súlu) ...“.

Samkvæmt endurriti úr dóma- og þingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var hinn 29. maí 1890 á manntalsþingi fyrir Lundarreykjadalshrepp lesið skal, dags. 27. s. m., „þar sem hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 14. október 1967, hefur ráðuneytið lýst því yfir, að ekki verði talið, „að umrætt mál varði landsréttindi Þingvallakirkju“.

Sóknaraðiljar rökstyðja dómkröfur sínar með því, að þeir eigi allt land að Reyðarvatni að norðan og austan milli Grímsáróss

(upptaka Grímsár) og Reyðarlæks, þ. e. Andakílshreppur, og milli Grímsáróss og Fossármýnnis, en Lundarreykjadalshreppur milli Fossármýnnis og mýnnis Reyðarlækjar. Eigi þeir því vatnsbotn 115 metra út frá vatnsbakka, miðað við láglæði, samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1923 svo og rétt til hagnýtingar vatns samkvæmt 2. gr. sömu laga svo og veiðirétt samkvæmt framangreindum lögum og lögum um lax- og silungsveiði.

Af hálfu sóknaraðilja hefur og við munnlegan flutning málsins því verið haldið fram, að með langri notkun íbúa Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps á Reyðarvatni til veiða hafi þeir hefðað sér rétt til veiði í vatninu. Kvaðst lögmaður sóknaraðilja taka þetta fram til vara, þótt óþarft væri að hans áliti.

Varnaraðiljar fallast á, að með marggreindum hæstaréttardómi frá 1967 sé því slegið föstu, að þeir hafi ekki fært fram gögn fyrir því, að eigandi Þverfells hafi á þeim tíma, sem landamerkskráin frá 10. september 1886 var gerð, átt frekari botns-, vatns- og veiðiréttindi í Reyðarvatni en hin almennu Jónsbókarákvæði sögðu til um, og með því að frekari gögn hafi ekki fundizt, verði því að hlýta.

Aðalmálsástæða þeirra sé því sú, að eigendur Þverfells hafi með óslitnu hefðarhaldi frá 10. september 1886 til 8. apríl 1963, eða alls í nærfellt 77 ár, unnið sér eignarhefð að Reyðarvatni öllu, þar með botns-, vatns- og veiðirétti samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð. Lögð hafa verið fram í málinu ýmis gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu varnaraðilja, að þeir hafi eða forverar þeirra haft óslitið eignarhald á Reyðarvatni á framangreindu tímabili. Helztu gögn hér að lútandi eru vottorð fyrrverandi ábúenda og eigenda Þverfells um, að þeir hafi talið sér einum heimilan veiðirétt í Reyðarvatni og auglýst bann við veiði annarra, svo og vottorð allmargra manna, sem kveðast hafa veitt í vatninu í skjóli Þverfellsbænda, sem þeir telja eina hafa átt rétt til vatnsins. Gagnstætt gögnum þessum hafa sóknaraðiljar lagt fram vottorð um veiði hreppsbúa Lundarreykjadalshrepps og einnig Andakílshrepps, samninga Þverfellsbónda við hreppsnefnd um veiðileyfi, auglýsingar Lundarreykjadalshrepps um veiðileyfi, leigutekjur Lundarreykjadalshrepps af veiði o. fl.

Ekki þykir ástæða til að rekja nákvæmlega efni gagna þessara hér í dómnum eða gildi þeirra eftir því, hvort staðfest eru eða ekki, þar sem það er sameiginlegt gögnum þessum öllum, að þau geyma aðeins yfirlýsingar vottorðsgefenda um, hvað þeir hafi talið málsaðilja eða forvera þeirra eiga af rétti til Reyðarvatns,

eða þau fjalla um veiðar í Reyðarvatni í skjóli Þverfellsbænda, sem ekki er ágreiningur um, að hafi átt veiðirétt í vatninu í netlögum sínum og almenningi. Verður að fallast á það með sóknaraðilja (við munnlegan flutning málsins), að ekki sé sannað, að Þverfellsmenn eða skjólstæðingar þeirra hafi að staðaldrí veitt neitt í Reyðarvatni, sem ekki samrýmist rétti þeirra til vatnsins, þ. e. fyrir Þverfellslandi eða í almenningi vatnsins. Af síðastgreindri ástæðu og að öðru leyti af sömu ástæðum og að framan greinir þykir ekki þurfa að meta gildi vottorðanna um veiði íbúa Lundarreykjadalshrepps og Andakílhrepps í Reyðarvatni.

Samkvæmt öllu því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir mega slá því föstu, að öll strandlengja Reyðarvatns að norðan og austan milli Grímsáróss og mynnis Reyðarlækjar sé háð beinum eignarrétti sóknaraðilja í máli þessu, þ. e. strandlengjan milli Grímsáróss og Fossármynnis sé eign Andakílhrepps og strandlengjan milli Fossármynnis og mynnis Reyðarlækjar sé eign Lundarreykjadalshrepps.

Sömuleiðis þykir mega slá því föstu, að ósannað sé í máli þessu, að eigendur eða ábúendur Þverfells hafi haft nokkur þau umráð eða not af Reyðarvatni, sem ekki samrýmist viðurkenndum rétti jarðarinnar til vatnsins fyrir sínu landi og í almenningi vatnsins, og hafi Þverfell því ekki öðlazzt neinn rétt annarra landeigenda að vatninu til þess.

Þykir því bera að taka til greina dómkröfur sóknaraðilja þannig:

Andakílhreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Grímsárósi að Fossármynni skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiða innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. tölul. 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Lundarreykjadalshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. tölul. 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Framangreind svæði (netlög) eru mörkuð með bláum lit á uppdrátt af Reyðarvatni á dskj. nr. 3 (einnig fyrir landi Þverfells), en með rauðu bleki eru mörkuð á sama uppdrátt

takmörk netlaga, svo sem þau eru ákveðin í dómi þessum, milli Þverfells og lands Andakílshrepps við Grímsárós milli landa Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps við Fossármynni og milli lands Lundarreykjadalshrepps og Þverfells við mynni Reyðarlækjar. Eru mörk þau, sem sett eru samkvæmt dómnum, færð inn á uppdráttinn af höfundi hans, Ágústi Böðvarssyni, samkvæmt ákvörðun dómenda eftir ákvæðum 3.—5. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir bera að dæma varnaraðilja, Veidifélagið Bláskóga s/f og Björn Davíðsson, Þverfelli, in solidum til að greiða sóknaraðiljum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.00.

Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðdómendur Sigurgeir Jónsson og Sigbór Þórarinnsson kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Sóknaraðili Andakílshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns í Borgarfjarðarsýslu frá Grímsárósi að Fossármynni skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. töluliðar 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Sóknaraðili Lundarreykjadalshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. töluliðar 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.

Varnaraðiljar, Veidifélagið Bláskógar s/f og Björn Davíðsson, Þverfelli, greiði sóknaraðiljum, Andakílshreppi og Lundarreykjadalshreppi in solidum kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
